

Nd.

1147. Nefndarálit

[245. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hörmungarsaga frumvarps til lánsfjárlaga verður ekki rakin hér í nál. Fyrir liggur að frumvarp til lánsfjárlaga hefur aldrei verið afgreitt jafnseint og nú stendur til að gera. Töfin stafar af því að ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um neitt fyrir en á elleftu stundu. Sem dæmi má nefna að hún hefur fjórum sinnum látið breyta tölum um erlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs. Þessi ringulreið á grundvallarlöggjöf efnahagsstjórnar á Íslandi endurspeglar ráðleysi stjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Það er ljóst að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir ná ekki saman um neitt þó að allt sé komið í ófni. Kemur hér fram að eina úrræðið, sem þessir flokkar eru sammála um í efnahagsmálum, er að lækka kaupðið; allt annað er í fullkomnum ólestri.

Stjórn ríkisfjármálanna hefur gjörsamlega farið úr böndum. Ríkisstjórnin viðurkendi eigin uppgjöf í þeim efnum á síðasta þingi með frumvarpinu um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Síðan er þróun þessara mála ein samfelld hörmungarsaga.

Fyrsti minni hl. mun gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í framsöguræðu auk þess sem breytingartillögur, sem fram kunna að koma frá öðrum nefndarmönnum, verða metnar eftir efni þeirra, en breytingartillögur frá meiri hluta nefndarinnar eru enn ekki allar komnar fram.

Í nefndinni hefur stjórnarandstaðan aftur og aftur rekið á eftir því að þetta mál megi hljóta afgreiðslu á Alþingi. Þar hefur strandað á ósamkomulagi í stjórnarflokkunum. Sannast hér enn það sem forsætisráðherra hefur bent á að stjórnarmeirihlutinn hefur tafið þingstörfin.

Alþingi, 6. júní 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Svavar Gestsson,
frsm.

Fylgiskjal I.

31. maí 1985.

ERLENDAR SKULDIR 63,6%

Til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
Frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands er erlend skuldastaða á árinu 1985 áætluð um 63,6% af vergri þjóðarframleiðslu. Greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum skuldum er áætluð um 21,3% af útflutningstekjum á árinu 1985.

Fylgiskjal II.

29. apríl 1985.

SKIPTING ERLENDRA LÁNA EFTIR UPPRUNA

Til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
Frá fjármálaráðuneyti.

Í framhaldi af fyrirspurn Svavars Gestssonar, dags. 26. apríl 1985, til formanns nefndarinnar var leitað til fjármálaráðuneytisins um svör:

Tl. 1.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins í árslok 1984 skiptast hlutfallslega þannig eftir myntum.

Í bandaríkjadollurum	54,5
Í sterlingspundum	6,0
Í vestur-þýskum mörkum	9,0
Í hollenskum flórínunum	1,9
Í svissneskum frönskum	7,4
Í japönskum yenum	15,3
Annað	5,9

Tl. 2.

Viðskiptahallinn nam rúmunum 4100 m. kr. samkvæmt bráðabirgðatölum 1984 og er áætlaður um 4500 m. kr. á árinu 1985.

Þess má geta að vaxtagreiðslur af erlendum lánum námu 4555 m. kr. á árinu 1984 og eru áætlaðar um 6000 m. kr. 1985.

Fylgiskjal III.

SKERÐING Á SJÓÐUM

Til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
Frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Efni: Framlög til sjóða í fjárlögum 1985.

	Framlög skv. lögum 1985	Fjárlög 1985	Skerðing í %
Erfðafjárjóður	25 000	25 000	—
Félagsheimilaskjóður	27 000	7 000	74,1
Fiskveiðaskjóður	135 000	—	100,0
Aflatryggingaskjóður	59 000	—	100,0
Bygðaskjóður	520 000	78 400	85,0
Jarðaskjóður	120	430	—
Stofnlánadeild landbúnaðarins	77 000	—	—
— Lífeyrissjóður bænda	—	30 600	—
Iðnlánaskjóður	28 500	28 500	—
Bjargráðaskjóður	15 600	—	100,0
— harðærslán	—	19 800	—
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	250	—	100,0
Hafnarbótaskjóður	10 350	10 000	—
Byggingarsjóður ríkisins	640 000	622 000	3,0
Byggingarsjóður verkamanna	—	282 000	—
Framkvæmdaskjóður fatlaðra	108 000	40 000	63,0
Framkvæmdaskjóður aldraðra	55 000	55 000	—
Kvikmyndaskjóður	32 000	8 000	—
Menningarsjóður	3 800	3 800	—
Húsfriðunarsjóður	1 439	1 439	—
Ferðamálasjóður	400	—	100,0

Fylgiskjal IV.

Fiskveiðasjóður Íslands.
Reykjavík, 2. maí 1985.

GREIÐSLUÁÆTLUN FISKVEIÐASJÓÐS 1985
(í milljónum króna.)

I. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR:

Útborganir	kr. 1 725
Innborganir	kr. 1 285
Greiðsluhalli	kr. 440
Útborguð ný útlán	kr. 275
	<hr/>
	kr. 715
Lántaka 1984	kr. 715
	<hr/>
	kr. 0

II. SKÝRINGAR:

Innborganir:

Sjóður 1/1 1985	kr. 130
Afborgun og vextir af útlánum	kr. 980
Tekjur af útflutningsgjaldi	kr. 175
	<hr/>
	kr. 1 285

Útborganir:


Afborgun og vextir af lánum	kr. 790
Afborgun og vextir af innstæðum lántakenda	kr. 900
Kostnaður	kr. 35
	<hr/>
	kr. 1 725

Fylgiskjal V.

BYGGÐASJÓÐUR

MARS 1985

RÍKISFRAMLÖG, "EIGIÐ FÉ" OG LÁNTÖKUR BYGGÐASJÓÐS
 Á VERÐLAGI 1984 M.V. BYGGINGARVÍSITÖLU



Fylgiskjal VI.

Forsætisráðuneytið
Reykjavík, 13. febrúar 1985.

Framkvæmdastofnun ríkisins,
Rauðarárstíg 25,
Reykjavík.

Málefni: Breyting togarans Sigurbjargar ÓF-1.

Með tilvísun til bréfs Framkvæmdastofnunar ríkisins, dags. 25. janúar 1985, og þeirrar samþykktar, sem stjórn stofnunarinnar hefur gert um ofangreint málefni, samþykkti ríkisstjórnin eftirfarandi á fundi sínum í gær:

„Kr. 100 milljónir af þeim 1836 milljónum, sem í lánsfjáráætlun er ætlað til atvinnuveganna, verði ráðstafað til breytinga á fiskiskipum í innlendum skipasmíðastöðvum og til að framkvæma samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 11. desember s. l. samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Áhersla verði lögð á umtalsvert eigið fjármagn, t. d. um 20 af hundraði kostnaðar.“

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að frumvarpi til lánsfjárlaga verði breytt í samræmi við ofangreinda samþykkt og að Framkvæmdastofnun ríkisins fái heimild til þeirrar lántöku sem hér um ræðir. Jafnframt er ríkisstjórnin samþykkt því að nú þegar verði af umræddu fé samþykkt lán til Magnúsar Gamalíelssonar hf. allt að kr. 25 milljónir til þess að breyta togaranum Sigurbjörgu ÓF-1 í frystitogara.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Úr fundargerð ríkisstjórnarinnar í des. 1984.

„Ríkisstjórnin beinir því til stjórnar Fiskveiðasjóðs að þeim fiskiskipum, sem sjóðurinn kann að eignast á næstu mánuðum, verði ráðstafað með eftirgreind meginsjónarmið í huga:

Fiskveiðasjóður ákveði viðmiðunarverð fyrir einstök fiskiskip miðað við ákveðinn greiðslutíma og greiðslukjör. Útgerðaraðilum í þeim byggðarlögum, sem hafa byggt afkomu sína á útgerð skipanna, verði að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið gefinn kostur á að semja um kaup á skipunum með framangreindum kjörum enda bjóði aðrir aðilar ekki betra heildarverð og greiðslukjör.“

Fylgiskjal VII.

Landsvirkjun
18. apríl 1985
Mál: 105.5

**FRAMKVÆMDA- OG RANNSÓKNARÁÆTLUN
LANDSVIRKJUNAR FYRIR ÁRÍÐ 1985**

Bv= 206 og 1\$ = 38.41 kr.

	Frankvæmdafé	Vextir	Samtals
Virkjanaframkvæmdir			
Blönduvirkjun	545,6	141,2	686,8 ¹⁾
Kvíslaveita og Þórisvatn	84,1	92,6	176,7
Sigöldu-, Hrauneyja- og Sultartangalón	20,9	1,4	22,3
	650,6	235,2	885,8
Framkvæmdir í rekstri			
Stjórnbygging kerfisráðs og 10% greiðsla	33,6	2,5	36,1
66 kV spennir Búrfelli	15,1	1,1	16,2
Stækkun H-100 og ræktun, Hrauneyjum	10,3	0,8	11,1
Annað	18,4	1,4	19,8
	77,4	5,8	83,2
Rannsóknir			
Virkjanarannsóknir	33,3	—	33,3
Háspennulínur	7,3	—	7,3
Almennar rannsóknir	38,4	—	38,4
Vextir	—	70,0	70,0
	79,0	70,0	149,0
Alls	807,0	311,0	1 118,0

1) Ef frestað verður til 1989 þá lækkar þessi tala um 82 m. kr. og verður:

Frankvæmdafé	468,5
Vextir	136,3
	<u>604,8</u>

Heildarfjárhæð verður þá 1036 m.kr.

Fylgiskjal VIII.

Byggðasjóður
18. mars 1985.

LÁNAÁÆTLUN 1985
— þús. kr. —

	Samþykkt áætlun 6. mars 1985	Tillögur 1985
1. Fiskiskip	30 000	18 000
1.1. Nýsmíði	—	—
1.2. Endurbætur innanlands	15 000	8 000
1.3. Kaup notaðra skipa innanlands	5 000	3 000
1.4. Sérstök fyrirgreiðsla	10 000	7 000
2. Fiskvinnsla	38 000	39 000
2.1. Frystihús, framkvæmdir	15 000	20 000
2.2. Fiskimjölsværksmiðjur	3 000	4 000
2.3. Annað	5 000	5 000
2.4. Sérstök fyrirgreiðsla	15 000	10 000
3. Iðnaður	30 000	40 000
3.1. Framleiðsluiðnaður	12 000	20 000
3.2. Þjónustuiðnaður	18 000	20 000
4. Landbúnaður	14 000	27 000
4.1. (Vinnslustöðvar) Fiskeldi	(3 000)	12 000
4.2. (Framleiðsluráð, vegna útflutningsuppbóta 1980) Loðdýraeldi	(5 000)	12 000
4.3. Annað	6 000	3 000
5. Sveitarfélög	35 000	45 000
5.1. Gatnagerð	30 000	40 000
5.2. Jarðhitaleit	2 000	2 000
5.3. Annað	3 000	3 000
6. Varðveisla sjóminja	1 500	1 500
7. Ýmislegt	5 000	7 500
7.1. Ferðamál	—	5 000
7.2. Annað	—	2 500
Almenn lán alls	153 500	178 000
8. Samgöngumál	27 000	—
9. Hollustuhættir	14 000	14 000
10. Verkefni skipasmíðastöðva (o. fl.?)	—	157 500
11. Óráðstafað	3 000	2 400
Samtals	197 500	351 900
Ógr. samþ. lán 31.12.1983	62 421	
Ógr. samþ. lán 31.12.1984	65 735	

Fylgiskjal IX.

Landsvirkjun
22. maí 1985

Hr. alþingismaður Svavar Gestsson
Alþingi
101 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn fjárhags- og viðskiptanefndar, dags. 26. apríl 1985, varðandi málefni Landsvirkjunar

Með skírskotun til símtals okkar í dag varðandi framangreint leyfi ég mér að upplýsa eftirfarandi um tímasetningu Blönduvirkjunar og áætlaðan kostnað við framkvæmdir Landsvirkjunar 1985.

- a. Vegna almenns markaðar er áætlað að Blönduvirkjun þurfi að komast í notkun haustið 1991.
- b. Á grundvelli áætlunar um að Blönduvirkjun komist í notkun haustið 1991 er gert ráð fyrir 604,8 milljóna króna kostnaði á árinu 1985 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 206 stig.
- c. Áætlun um hvenær kísilmálmverksmiðja komi inn sem raforkukaupandi liggur ekki fyrir, en raforkusala til slíkrar verksmiðju gæti hafist fyrir árið 1988 ef stefnt verður að gangsetningu Blönduvirkjunar á því ári.
- d. Á þessu ári er auk Blönduvirkjunar áætlað að ljúka 4. áfanga Kvíslaveitu og vinna að ýmsum frágangi við fyrri áfanga hennar og við Þórisós. Kostnaður vegna þessara framkvæmda er áætlaður 176,7 milljónir króna miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 206 stig. Auk þess er ráðgert að vinna á þessu ári við endurbætur á stíflum og lönunum á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu fyrir um 22,3 milljónir króna. Á sama verðlagi áætlast ýmsar framkvæmdir í rekstri í ár alls 83,2 milljónir króna.

Tekið skal fram að í öllum ofangreindum tölum eru vextir áfallins kostnaðar og áætlaður vaxtakostnaður af framkvæmdum 1985.

Virðingarfyllt,
Halldór Jónatansson
forstjóri.

Fylgiskjal X.

4. júní 1985.

MINNISPUNKTAR FRÁ FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI UM STÖÐU INNLENDRAR FJÁRÖFLUNAR.

Samkvæmt upplýsingum Ríkisábyrgðasjóðs lágu fyrir eftirfarandi upplýsingar um innlenda fjáröflun ríkissjóðs um miðjan maí.

Innstreymi:

Sala spariskírteina	713 m.kr.
Innheimtufé spariskírteina	212 m.kr.

Útstreymi:

Innlausn eldri spariskírteina	1076 m.kr.
-------------------------------------	------------

Varðandi 180 m.kr. innstreymi vegna skuldbreytinga endurlána ríkissjóðs er ljóst að sú fjárhæð er ekki ofátæluð.

Fylgiskjal XI.

6. maí 1985.

YFIRLIT UM STÖÐU LÁNSFJÁRÁÆTLUNAR OPINBERRA AÐILA OG ATVINNUVEGA TÍMABILÐ JANÚAR – APRÍL 1985.

	Reikningur Janúar – apríl	Fjáröflun árs skv. frumvarpi lánsfjárlaga
Innlend fjáröflun:		
Sala spariskírteina	641,0	400,0
Sérstök fjáröflun til húsnæðismála		188,0
Innheimtufé spariskírteina	(843,6)	–
Verðbréfa kaup bankakerfisins	40,0	200,0
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	275,1	1 225,0
Önnur innlend fjáröflun	–	380,0
Skyldusparnaður	(113,0)	–
Samtals	(0,5)	2 393,0
Erlend fjáröflun:		
Seðlabanki Íslands	208,6	4 007,0
Beinar lántökur B-hluta aðila	440,0	–
Af atvinnuvegunum	600,0	1 500,0
Af lánastofnunum	–	1 562,0
Samtals	1 248,6	7 069,0
Alls	1 248,1	9 462,0